

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um skuldaskilasamninga.

Frá Haraldi Benediktssyni.

1. Hvað voru í kjölfar bankahrunsins gerðir margir skuldaskilasamningar á milli aðila í landbúnaði og fjármálafyrirtækja þar sem hluti skulda var settur á rekstrarlán en hluti á svokallað biðlán til þriggja ára eða styttri tíma?
2. Hver er heildarupphæð þessara samninga og hve stór hluti skuldanna er á slíku biðláni?
3. Hvernig verður farið með biðlánin? Verða þau innheimt að fullu eða afskrifuð í heild eða að hluta?

Skriflegt svar óskast.